

Sp.

74. Tillaga til þingsályktunar

[67. mál]

um hlutleysi Íslands.

Flm.: Einar Olgeirsson, Alfreð Gíslason, læknir, Björn Jónsson, Eðvarð Sigurðsson, Finnboði Rútur Valdimarsson, Geir Gunnarsson, Gunnar Jóhannsson, Hannibal Valdimarsson, Karl Guðjónsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi Íslendinga ályktar að lýsa yfir því sem stefnu þjóðarinnar, að Ísland skuli á ný verða hlutlaust land, svo sem ákveðið var og lýst yfir, er Ísland öðlast fullveldi 1918.

Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa nú þegar úrsögn Íslands úr Norður-Atlantshafsbandalaginu og rökstyðja hana með því, að íslenska þjóðin vilji vera hlutlaus þjóð, vopnlaus og friðhelg í styrjaldaráttökum og eigi ljá land sitt undir herstöðvar né eiga á hættu, að landið dragist inn í styrjöld.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að snúa sér til ríkisstjórna allra ríkja utan hernaðarbandalaga í heiminum með tilmælum um, að fulltrúar þeirra komi saman á ráðstefnu til þess að ráðgast um, hvernig þessi ríki gætu bezt beitt sameiginlega áhrifum sínum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annars staðar til þess að tryggja hlutleysi og sjálfstæði sitt, koma á fullum friði og algerri afvopnun í heiminum og upplausn allra hernaðarbandalaga.

Greinargerð.

Það vofir geigvænleg hættu yfir mannkyninu: glötun af eigin völdum.

Á því skeiði mannkynsþróunarinnar, er vér nú lifum á, eru efnahagslegir möguleikar til þess að útrýma endanlega allri fátækt, skorti og vanþekkingu úr veröldinni, ef auði mannanna, viti og tækni er til þess beitt. En í staðinn vofir það yfir, að óendanleg eynd og ógæfa verði leidd yfir mannkynið með því að beita kjarnorkunni miklu til heimsstyrjaldar og eyðingar í stað friðsköpunar og allnægta.

Mannkyninu hefur opnast tæknilegur möguleiki til þess að byrja að leggja undir sig alheiminn, ferðast til annarra hnatta, ef það aðeins kann að stjórna sér sjálf. En þá vofir það yfir gervöllum mannheimi, að þjóðunum lendi saman í heimsstyrjöld, sem yrði ragnarök jarðar: mundi þurrka út þorra þeirra þjóða, er nú lifa, en gera þá, sem eftir lifðu eða ófæddir eru, marga hverja að vanskapningum, en hrinda öllum fjöldanum aftur á villimannsstig. (Beztu vísindamenn heims hafa þegar varað mannkynið við, sbr. fylgiskjal I).

Aldrei hafa möguleikar mannkynsins því verið meiri, aldrei hættunar geigvænlegri.

Það er því heilög skylda hverrar þjóðar gagnvart sjálfri sér og öllum öðrum að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að möguleikar mannkynsins hinir miklu verði hagnýttir, en hættunum afstýrt.

Oss Íslendingum ber öllum þjóðum fremur að hefja raust vora á alþjóðavettvangi til þess að boða frið og sátt milli þjóða, en gera vígbúnað og styrjaldir út-lægar úr veröldinni.

Vér höfum aldrei háð stríð né haft her til baráttu við aðrar þjóðir, svo að vér erum sjálfir sönnun þess, að hægt er að lifa án hers og herbúnaðar.

Vér höfum göngu vora á ný sem fullvalda þjóð með því að lýsa yfir ævarandi hlutleysi í ófriði (sbr. fylgiskjal II), og þótt eitt sinn hafi verið hrasað á þeirri göngu, þá er tími enn til þess fyrir oss að flytja þann boðskap friðar, uppréttir og einarðir, sem Ísland virtist frá upphafi einvalið til að boða.

Vér höfum enga hagsmuni fjandsamlega öðrum þjóðum. Vér höfum enga volduga auðhringi, sem flytja út arðinn af striti almennings til þess í krafti þess gróða að arðræna aðrar þjóðir enn fátækari og varnarminni. Vér höfum sjálfir verið arðrændir sem nýlenda öldum saman og þekkjum því kjör þeirra þjóða, sem nú hrista af sér hlekkina hver á fætur annarri.

Vér höfum öllu að tapa — eigum eins og Englendingar, þótt fleiri séu, útþurrkunina vísa, ef til heimsstyrjaldar kemur. Allt tal um vörn í kjarnorkustríði er blekking. (Það viðurkenna jafnvel trúnaðarmenn Atlantshafsbandalagsins, sbr. fylgiskjal III). Og vér höfum allt að vinna: efnahagslegar allsnægtir og afkomuöryggi, ef friður og afvopnun kemst á og alþjóðleg samvinna og samhjálp leysir núverandi kalt stríð og innbyrðis baráttu þjóðanna af hólmi.

Öll þjóðleg erfð vor, saga vor, staða vor meðal annarra þjóða býður oss Íslendingum að skipa oss meðal þeirra þjóða heims, er boða hlutleysi, afvopnun og frið, — og frekar ber oss að skipa oss í forustu slíkrar fylkingar en dragast þar á eftir, er aðrir hafa rutt brautina.

Eftir þær þjóðfrelsisbyltingar, sem nú hafa losað þorra Afríku- og Asíuþjóða úr stjórnmalahelsi því, sem auðvald Evrópu hafði á þær lagt, er svo komið, að þær þjóðir heims, sem nú eru innan sameinuðu þjóðanna og ekki hafa skipað sér í ákveðið hernaðarbandalag, eru orðnar um 40, og er ekki annar hópur þjóða stærri að þjóðatölu en þessi, ef hann bæri gæfu til þess að standa saman og beita áhrifum sínum einhuga að ákveðnu verkefni.

Í hópi þessara ríkja eru aðeins 6 Evrópuríki (Austurríki, Finnland, Írland, Júgóslavía, Sviss og Svíþjóð), en því fleiri Evrópuríki, sem í þann hóp bætast, því meir mundi að þeim kveða á alþjóðavettvangi, sökum þess að einmitt í Evrópu og Norður-Ameríku hefur yfirdrottunarstefna auðvalds yfir öðrum þjóðum heims verið hvað sterkust, svo sem vér Íslendingar höfum flestum Evrópuþjóðum fremur fengið að kynnast.

Um leið og ríkisstjórn Íslands samkvæmt þessari þingsályktun hæfi að undirbúa úrsögn Íslands úr hernaðarbandalagi Norður-Atlantshafsríkja og gera aðrar ráðstafanir til þess að gera landið hlutlaust á ný, þá bæri henni því að snúa sér til þessara ríkja, sem óbundin eru hernaðarbandalögum, og freista þess að koma á ráðstefnu þeirra. Það er þegar orðið ljóst, hvert vald þessi ríki hafa, ekki sízt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, ef þau standa saman. Það er því engum efa bundið, að tækist þeim að finna sameiginlega lausn á höfuðvandamáli heimsins: algerrri afvopnun til að útiloka heimsstríð, þá væru öll líkindi til, að slík lausn yrði samþykkt af öllum öðrum.

Það er því Íslandi verðugt verkefni á vettvangi alþjóða að vinna að því að koma slíkri afvopnun á ásamt öllum þeim öðrum ríkjum, sem engin kjarnorkuvopn eiga og miða eigi gildi sitt og áhrif við vopnavald.

Í því skyni, að oss Íslendingum megi auðnast að sameina krafta vora til þess að vinna að svo háleitu verkefni, er þessi tillaga fram borin.

Sögulegur aðdragandi þess, að Ísland hvarf frá hlutleysi til herstöðvar.

Það er nauðsynlegt, um leið og ákvörðun er tekin um að stefna að því, að hlutleysi verði tekið upp á ný sem stefna Íslands í friðarmálum, að gera sér ljósar allar aðstæður, er ollu því, að frá þeirri stefnu var horfið, og hvers vegna það er orðin hin brýnasta nauðsyn að hverfa að þeirri stefnu á ný.

Það eru nú liðin 42 ár, síðan Ísland varð fullvalda ríki og lýsti yfir herleysi sínu og hlutleysi í ófriði, en þessi mál höfðu lengi áður verið rædd af framsýnustu foringjum í sjálfstæðisbaráttu vorri, og hafði niðurstaða þeirra orðið sú, að Ísland

yrði að vera hlutlaust land og friðhelgt. Einkum hafði þetta borið mjög á góma í deilunum 1908.

Allan fyrri hluta þessa 42 ára tímabils, raunar allt fullveldistímabilið, datt vart nokkrum Íslending í hug, að land vort gæti horfið frá hlutleysisstefnunni. Hún var í augum flestallra Íslendinga sama og sjálfstæðið, — svo sem og í rauninni er rétt.

Hvernig ber það þá að, að Ísland skuli vera gert að herstöð og islenzkir forráðamenn að einhverju leyti skuli samþykkja slíkt?

Upphaflega er þetta gert að Íslendingum forspurðum og síðar undir nauðung. Það er nauðsynlegt að horfast í augu við þá sögulegu atburði nú af fullu raunsæi.

Þann 10. maí 1940 höfðu Bretar hernumið Ísland. Ríkisstjórnin og þjóðin mótmæltu því hernámi sem broti á hlutleysi Íslands.

Þann 9. júlí 1941 samþykkti Alþingi með 39 atkv. gegn 3 þann verknað ríkisstjórnarinnar að biðja um hervernd Bandaríkjanna, og höfðu þá bandarískir hermenn þegar gengið á land á Íslandi.

Hver var aðdragandi þess, að Alþingi var látið biðja um hernámið?

Þann 24. júní 1941 höfðu islenzku ríkisstjórninni raunverulega verið settir úrslitakostir um að gera innan 24 klukkustunda samning við Bandaríkjastjórn um „hervernd“ landsins. Mótsagnakenndar yfirlýsingar um málið, útgefnar í London, Washington og Reykjavík, sýndu, að verið var að reyna að dylja bak við opinberar yfirlýsingar, hvað raunverulega hafði gerzt.

Hvað hafði gerzt?

Eins og þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Cordell Hull, viðurkennir í endurminningum sínum, þá hafði Bandaríkjastjórn rætt þetta mál við aðra aðila í marga mánuði, áður en hún sendi herlið til Íslands „Bandaríkjunum til verndar“ („in our own protection“), eins og hann orðar það, í júlí 1941.

Í september 1940 höfðu Bandaríkin og Bretland gert það samkomulag sín á milli, að Bretland afhenti Bandaríkjunum herstöðvar sínar í Vesturheimi: í Nýfundnalandi, Bermuda, Bahama-eyjum, Jamaica, St. Lucia, Trinidad og brezku Guyana, sumpart að „gjöf“, sumpart á leigu til 99 ára. Í staðinn fengu Bretar 50 gamla tundurspilla. Litlum efa var það bundið, að Brezka ríkisstjórnin átti einskis annars úrkosta en ganga að þessum „samningi“, svo illa sem hún þá var stödd og svo dýrmætir sem jafnvel gamlir tundurspillar voru henni þá.

En varð hún ekki að ganga að fleiru?

Varð hún ekki einnig að afhenda Ísland úr „áhrifasvæði“ Breta inn á áhrifasvæði Bandaríkjanna? Brezka stjórnin gat ekki afhent Bandaríkjastjórn herstöðvar til 99 ára á Íslandi, en hún gat fengið henni í hendur aðstöðu til þess að reyna að knýja slíkar herstöðvar fram.

Hinar mótsagnakenndu yfirlýsingar brezkra stjórnarvalda í júní—júlí 1941 benda á, að ekki séu enn öll kurl komin til grafar í þessu máli.

Brezki sendiherrann í Reykjavík er í bréfum til islenzku ríkisstjórnarinnar látinn „ráðleggja“ henni að biðja um hervernd Bandaríkjanna, því að brezki herinn verði að fara af Íslandi. En Churchill segir í ræðu sinni í brezka þinginu 9. júlí, að islenzka ríkisstjórnin hafi boðið Bandaríkjastjórn að setja her á land, brezka stjórnin geti ekkert við þessu gert, en muni hins vegar halda her sínum í landinu. Það er auðfundið, að brezka herveldinu sviður að verða að láta líka Ísland sem skiptimynt í óhagstæðum viðskiptum við Bandaríkin, en það reynir að dylja ófarirnar og láta sem ekkert sé.

Þann 1. okt. 1945 krefst svo Bandaríkjastjórn þriggja herstöðva á Íslandi til 99 ára: flugvallarins í Keflavík, lendingarstaðar fyrir sjóflugvélar við Reykjavík og flotastöðvar í Hvalfirði. Og um leið rýfur Bandaríkjastjórn „samninginn“ frá 1941 og heitið um að fara af landi brott að afloknu stríðinu.

Þá kom í ljós, hvað á bak við allt það bjó, er áður hafði gerzt og eftir átti að gerast.

Bandaríki Norður-Ameríku vildu tryggja sér herstöðvar og þar með raunveruleg yfirráð á Íslandi heila öld fram í tímann, hvað sem allri þróun mála liði annars í heiminum.

Þá var þetta hvorki tengt baráttu fyrir „lýðræði“, Atlantshafsbandalagi né neinu öðru, sem síðar hefur verið haft að yfirvarpi. Þá var þetta óhulin eiginhagsmunakrafa ameríska herveldisins um yfirráð sér til handa.

Ög það er — og hefur ætíð verið síðan — hið eiginlega innihald og tilgangur í þessu máli, hvernig svo sem reynt hefur verið að færa þetta í annan búning. Hernám Íslands eftir stríð og herstöðvarnar hér eru ávöxtur yfirdrottnunarstefnu amerískra stjórnarvalda, hvaða yfirskín og ógnanir svo sem hafa verið notaðar allan þennan tíma til þess að ná þessum ítökum til handa amerískri auðmanna-stétt.

Nýsköpunarstjórnin neitaði því veturinn 1945—46 eftir baráttu, sem síðar verður minnt á, að verða við kröfu Bandaríkjastjórnar um herstöðvar til 99 ára. Ólafur Thors, forsætisráðherra þeirrar stjórnar, lýsti þessum kröfum og svari þjóðarinnar svo 20. sept. 1946 í þingræðu (Alþt. 1946, aukabíng, B. 140):

„Í fyrra báðu Bandaríkin okkur um Hvalfjörð, Skerjafjörð og Keflavík. Þau fóru fram á langan leigumála, kannske 100 ár, vegna þess að þau ætluðu að leggja í mikinn kostnað. Þarna áttu að vera völdugar herstöðvar. Við áttum þarna engu að ráða. Við áttum ekki svo mikið sem að fá vitneskju um, hvað þar gerðist. Þannig báðu Bandaríkin þá um land af okkar landi til þess að gera það að landi af sínu landi. Ög margir óttuðust, að síðan ætti að stjórna okkar gamla landi frá þeirra nýja landi. Gegn þessu reis íslenska þjóðin“.

Þjóðin hélt sig staðfesta neitun á öllum herstöðvum með alþingiskosningum 1946, er svo að segja allir frambjóðendur lýstu sig andvíga herstöðvum. (Sbr. og yfirlýsingu utanríkismálanefndar í nafni alls Alþingis 1946 við inngöngu Íslands í Sameinuðu þjóðirnar, fylgiskjal IV).

En Bandaríkjastjórn tekur nú að beita brögðum og blekkingum samfara ógnunum og fjármálavaldi til þess að ná því takmarki smátt og smátt, sem ekki tókst í einu áhlaupi 1945.

Keflavíkursamningurinn er samþykktur á Alþingi 5. október 1946 með 32 atkvæðum gegn 19 atkvæðum (10 sósíalista, 2 Alþýðuflokksmanna, 7 framsóknarmanna). Ög raunverulega var þá þeirri hótun beitt af hálfu Bandaríkjastjórnar, að hún færi ekki með her sinn, nema þessi samningur (um að dulbúa herinn) væri gerður.

1947—48 eru amerísku auðvaldi tryggð efnahagsleg yfirráð á Íslandi með Marshallsamningunum, sem notuð eru til hins ýtrasta.

1949 er Ísland síðan látið ganga í Atlantshafsbandalagið — hernaðarbandalag völdugustu nýlendu- og auðdrottna heims — og hlutleysið í ófriði þar með afmáð. Þá greiddu 37 þingmenn atkvæði með inngöngunni, en 13 á móti: þingflokkur Sósíalistaflokksins allur: 10 þingmenn, 2 Alþýðuflokksmenn og 1 framsóknarmaður. Utanríkisráðherrann lýsti þá forsendum af hálfu samþykkjenda á þessa leið í viðtali við Morgunblaðið 22. marz 1949 um viðræður ráðherra við Bandaríkjastjórn:

„Við skýrðum rækilega sérstöðu okkar sem fámennrar og vopnlausrar þjóðar, sem hvorki gæti né vildi halda uppi her sjálf, og mundum því aldrei samþykkja, að erlendur her né herstöðvar væru í landi okkar á friðartímum. Dean Acheson utanríkisráðherra og starfsmenn hans skildu fyllilega þessa afstöðu okkar. Er því allur ótti um það, að fram á slíkt verði farið við okkur, ef við göngum í bandalagið, gersamlega ástæðulaus.“

Þann 5.—7. maí 1951 gekk amerískur her á land á Íslandi. Yfirvarp hans var, að í Kóreu væri stríð. Fasistinn Syngman Rhee, einræðisherra, er flúið hefur nú landið með smán eftir ljótan glæpaferil, hafði í náinni samvinnu við ameríska hernaðarsinna og herforingjaklíkur komið af stað stríði við Norður-Kóreu. Ríkis-

stjórn Íslands hafði samtímis landgöngunni gert „varnarsamning“ við Bandaríkin, sem hana brast stjórnarfarslega heimild til. Alþingi var eigi kvatt saman, er þessir atburðir gerðust. Er þing kom saman um haustið, mótmælti þingflokkur Sósíalísta-flokksins þessu stjórnlagarofi með yfirlýsingu (sbr. fylgiskjal V). En Sósíalísta-flokkurinn hafði við hernámið gefið út ávarp til þjóðarinnar í þessu tilefni (sbr. fylgiskjal VI).

Þar með var komið upp opinberum amerískum herstöðvum á Íslandi — og enn býr þjóðin við spillingu og hættur þess hernáms.

Þessi þingsályktunartillaga er fram borin til þess að losa þjóðina að fullu og öllu við her, herstöðvar og þátttöku í hernaðarbandalagi.

Sú barátta, sem háð hefur verið síðustu 20 ár út af þessari hættu, sýnir og sannar, að það er í samræmi við vilja og þrá þjóðarinnar að verða aftur hlutlaus, losna við erlendan her og búa ein að landi sínu.

Barátta þjóðarinnar gegn her og herstöðvum.

Allan þann tíma, sem þessi ásókn amerískis auðvalds eftir íslenskum herstöðvum hefur staðið, hefur verið barizt gegn þessu og sýnt fram á, hve gifurleg hættu var hér á ferðinni fyrir þjóðmenningu vora og þjóðfrelsi á friðartímum og sjálfa tilveru þjóðarinnar í stríði.

Einstaklingar, samtök og heilir stjórnmálaflokkar hafa háð þessa baráttu.

Sameiningarflokkur alþýðu — Sósíalísta-flokkurinn — stóð gegn hernámssamningnum 1941, hindraði 99 ára hersetuna á árinu 1945 með því að hóta sprengingu nýsköpunarstjórnarinnar og hefur alla tíð staðið einbeittur gegn hernáminu, jafnt inngöngunni í Atlantshafsbandalagið 1949 sem hernáminu 1951. Í tæp 20 ár hefur sá flokkur og blað hans, Þjóðviljinn, barizt í fylkingarbrjósti gegn hersetu og þátttöku Íslands í hernaðarbandalagi fyrir hlutleysi og sjálfstæði landsins.

Finnbogi R. Valdimarsson afhjúpaði í blaði sínu „Útsýn“ 1945 tilræði Bandaríkjastjórnar við sjálfstæði Íslands, skipulagði þá baráttu, sem háð var um tíma gegn hernámi landsins af vinstra armi Alþýðuflokksins, og fylkti sér síðan í fremstu röð þeirrar baráttu annars staðar, eftir að hann gat eigi háð hana lengur í Alþýðuflokknum.

Málsmetandi menn úr öllum flokkum tóku þátt í þeirri baráttu, er háð hefur verið allt frá 1945. Sameinuðust þar jafnt stúdentar sem verkamenn og samtök þeirra sem aðrir góðir Íslendingar. Frá upphafi þeirrar baráttu er grein Ólafs prófessors Lárussonar um „Hervernd“ (fylgiskjal VII).

Um blaðið „Þjóðvörn“, sem hóf útkomu 1946, sameinuðust árið 1949 eftirfarandi menn í ritnefnd til þess að vinna að sama málstað: Friðrik Á. Brekkan, Hallgrímur Jónasson, Kristján Eldjárn, Jón Hjaltason, Jón Jóhannesson, Matthías Jónasson, Pálmi Hannesson, Sigríður Eiríksdóttir, séra Sigurbjörn Einarsson.

Þjóðvarnarflokkur Íslands lýsti því sem stefnu sinni allt frá stofnun, 1953, að vinna að brottflutningi hersins úr landinu og hlutleysi Íslands.

Alþýðubandalagið hefur, allt frá því að það var stofnað, 1956, barizt fyrir brottflutningi alls hers af Íslandi og úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu og nú síðast í kosningastefnuskrá sinni 1959 orðað þá kröfu á eftirfarandi hátt:

„Stefnt sé að því að gera Ísland aftur hlutlaust land, án herstöðva og utan hernaðarbandalaga. — Ísland lýsi því yfir, að það kappkosti að ástunda vináttu við allar þjóðir nær og fjær og vilji af alhug leggja fram sinn skerf til þess að varðveita frið og boða sættir, hvar sem fulltrúar þess koma fram á alþjóðavettvangi.“

Á síðasta þingi flutti þingflokkur Alþýðubandalagsins, með sérstöku tilliti til þess, hvornig Bretland sem „bandamaður“ Íslands í Atlantshafsbandalaginu hefur hagað sér í landhelgismálinu, svo hljóðandi þingsályktunartillögu:

„Alþingi ályktar — með sérstöku tilliti til þess, að Bretar hafa með vopnavaldi brotið rétt á Íslendingum og að bæði þeir og Bandaríkjamenn hafa á alþjóða-

vettvangi beitt öllu áhrifavaldi sínu gegn því lífshagsmunamáli, sem 12 mílna fiskveiðilandhelgin er Íslendingum — að fela ríkisstjórninni að tilkynna nú þegar ráði Atlantshafsbandalagsins úrsögn Íslands úr bandalaginu og enn fremur að segja tafarlaust upp varnarsamningnum við Bandaríkin í því skyni, að allur her verði hið fyrsta á brott og herstöðvar á Íslandi verði lagðar niður.“

Hvað eftir annað hafa hin ýmsu landssamtök og félög gert samþykktir, er stefndu að því að fá herinn fluttan burt og landið á ný hlutlaust. Alþýðusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, stúdentasamtökin og fleiri hafa hvað eftir annað gert slíkar samþykktir.

Áhugamenn hafa hvað eftir annað komið upp samtökum til þess að vinna að þessum málum:

1953 voru mynduð slík samtök undir nafninu „Andspyrnuhreyfingin gegn her í landi“.

1958 voru stofnuð samtök rithöfunda og menntamanna til þess að berjast fyrir framkvæmd á samþykkt Alþingis 1956 um uppsögn herstöðvasamningsins og fyrir hlutleysi landsins. Hétu þau „Friðlýst land“.

Á yfirstandandi ári hafa vaxið upp ein víðtækustu samtök meðal þjóðarinnar, Samtök hernámsandstæðinga, sem þátt taka í menn og konur úr öllum flokkum og stéttum. Hundruð manna um allt land hafa verið kosin í sérstakar nefndir til þess að skipuleggja baráttuna fyrir brottflutningi hersins, afnámi herstöðva og hlutleysi Íslands. Þessi hreyfing vakti alþjóðarathygli með Keflavíkurgöngunni og var svo skipulögð með Þingvallafundinum 10. sept. 1960, er gaf út það ávarp til þjóðarinnar, sem prentað er sem fylgiskjal VIII.

Það er engum efa bundið, að það er því eigi aðeins í þágu þjóðarinnar allrar — lífs hennar, frelsis og heiðurs, að þessi þingsályktunartillaga er fram borin, heldur mun það og vera vilji meiri hluta þjóðarinnar, að stefnt sé að því marki, sem hér er mótað.

Fylgiskjal I.

Nokkur ummæli kunnra manna um kjarnorkustríð.

Albert Einstein:

„Ameríkumönnum finnst erfitt að trúá því, af því að þeir eru hugvitssöm þjóð, að engar fyrirsjáanlegar varnir séu til gegn kjarnorkusprengjum. En þetta er óhrekjanleg staðreynd. Vísindamenn vita ekki einu sinni um neitt svið, sem gefi oss von um viðhlítandi vörn.“

[Úr yfirlýsingu Einsteins 1946.]

„Ég hef beðið eftir rétttri stundu til þess að hrópa viðvörunarorð mín út yfir veröldina. Ég mun leggja í hróp mitt alla þá orku, sem ég á enn eftir. Veinissprengjan er leikfang djöfulsins.“

[Úr blaðaviðtali hans á 75 ára afmælisdaginn 1954.]

Albert Schweitzer:

„Yfir afkomendum vorum vofir mesta og skelfilegasta hættan. . . . Þeir einir, sem aldrei hafa verið viðstaddir fæðingu vanskapaðs barns, aldrei þurft að vera vitni að því áfalli, sem móðir þess verður fyrir, og hlýða á kveinstafi hennar, geta dirfzt að halda því fram, að eins og málum sé nú háttað, verði að sætta sig við áhættuna, sem er samfara því að halda áfram tilraunum með kjarnorkuvopn.“

[Úr ávarpi hans frá Ósló 23. apríl 1957.]

Ávarp Nóbelsverðlaunahandhafa, frá Mainau 15. júlí 1955:

Vér undirritaðir erum vísindamenn úr ýmsum löndum, höfum ólík trúarbrögð, mismunandi stjórnmálaskoðanir. Að formi til tengir oss saman sá heiður að hafa hlotið verðlaun Nóbels. Með ánægju höfum vér helgað líf vort vísindunum. Það er að voru álitni leið til gæfuríkara lífs fyrir mennina. Vér litum með skelfingu þá staðreynd, að einmitt þessi vísindi eru að gefa mannkyninu tæki til að afmá sjálft sig. Með því að beita til fulls í hernaði þeim vopnum, sem tiltækileg eru nú, er hægt að sýkja jörðina svo með geislaverkun, að heilar þjóðir séu afmáðar. Hlutlausir jafnt sem hernaðaraðilar geta dáið þannig.

Ef styrjöld brýzt út með stórveldunum, hver tryggir þá, að hún verði eigi slík banvæn barátta? Þjóð, sem leggur út í algert stríð, undirbýr sína eigin eyðingu og stofnar öllum heiminum í hættu.

Vér neitum því ekki, að ef til vill er friðnum við haldið í dag af ótta við þessi vopn. Engu að síður álitum vér það tálvon, ef ríkisstjórnir halda, að þær geti afstýrt ófriði til lengdar sökum ótta við þessi vopn. Ótti og spenningur hafa oft komið af stað stríðum. Eins finnst oss það tálvon að halda, að minni háttar deilur verði framvegis ætíð útkljáðar með gamaldags vopnum. Engin þjóð, sem er í ægilegri hættu stödd, mun neita sér um að nota hvaða vopn sem vísindi tækninnar geta framleitt.

Allar þjóðir verða að komast að þeirri niðurstöðu að afsala sér ofbeldi sem aðferð í stjórnmálum. Ef þær eru ekki reiðubúnar til þess, munu þær hætta að vera til.

Edgar Douglas Adrian lávarður,
Cambridge.

Kurt Alder,
Köln.

Max Born,
Bad Pyrmont.

Walther Bothe,
Heidelberg.

Percy William Bridgeman,
Cambridge.

Adolf Butenandt,
Tübingen.

Arthur H. Compton,
Saint Louis.

Henrik Dam,
Kaupmannahöfn.

Clinton Joseph Davisson,
Charlottesville.

P. A. M. Dirac,
Oxford.

Edward A. Doisy,
Saint Louis.

Gerhard Domagk,
Wuppertal.

Joseph Erlanger,
Saint Louis.

Hans K. von Euler-Chelpin,
Stokkhólmi.

James Franck,
Chicago.

Otto Hahn,
Göttingen.

P. S. Hench,
Rochester, Minnesota.

Gustav Hertz,
Leipzig.

Georg von Hevesy,
Stokkhólmi.

C. Heymans,
Gent.

Frederic Joliot-Curie,
Paris.

Irene Joliot-Curie,
Paris.

E. C. Kendall,
Princeton.

Sir Hans Krebs,
Oxford.

Richard Kuhn,
Heidelberg.

Max von Laue,
Berlín.

Fritz Lipman,
Boston.

A. E. Moniz,
Lissabon.

Paul Hermann Müller,
Basel.

H. J. Muller,
Bloomington.

William Murphy,
Boston.

Wolfgang Pauli,
Zürich.

Linus Pauling, Pasadena.	Richard Laurence Millington Synge, Bucksborn.
C. F. Powell, Bristol.	Max Theiler, New York.
Sir Chandrasekhara Venkata Raman, Bangalore.	A. Tiselius, Uppsölum.
Th. Reichstein, Basel.	Harold C. Urey, Chicago.
Bertrand Russel lávarður, Richmond.	G. H. Whipple, Rochester.
L. Ruzicka, Zürich.	Heinrich Wieland, Starnberg.
F. F. Sillanpää, Helsinki.	Adolf Windaus, Göttingen.
Frederick Soddy, Brighton.	Hideki Yukawa, Kyoto.
W. M. Stanley, Berkeley.	Fritz Zernike, Groningen.
Herman Staudinger, Freiburg.	

Úr ávarpi 9235 vísindamanna, afhentu Sameinuðu þjóðunum 15. jan. 1958:

„Alþjóðlegt samkomulag um stöðvun tilrauna með kjarnorkusprengrum gæti nú verið fyrsta stig til almennari afvopnunar og endanlegs raunverulegs afnáms kjarnorkuvopna, er afstýrði möguleika kjarnorkustríðs, sem yrði tortíming mannkyninu.

Vér eigum sameiginlegt með öðrum mönnum mikla umhyggju fyrir velferð allra mannegra vera. Sem vísindamenn höfum vér þekkingu á hættunum, sem felast í kjarnorkunni, og því sérstaka ábyrgð á því að gera þær hættur kunnar. Vér álitum óhjákvæmilegt, að til tafarlausra aðgerða sé gripið til að koma á alþjóðlegu samkomulagi um stöðvun allra tilrauna með kjarnorkuvopn.“

[Ávarpinu fylgdi bréf frá Linus Pauling, þar segir hann, að 36 handhafar Nóbelsverðlauna séu meðal undirritaðra, 101 meðlimur vísindaakademíu Bandaríkjanna, 216 meðlimir vísindaakademíu Sovétríkjanna, 35 meðlimir Royal Society í London o. s. frv.]

Fylgiskjal II.

19. grein sambandslaganna 1918.

„Danmörk tilkynnir erlendum ríkjum, að hún, samkvæmt efni þessara sambandslaga, hafi viðurkennt Ísland fullvalda ríki, og tilkynnir jafnframt, að Ísland lýsi yfir ævarandi hlutleysi sínu og að það hafi engan gunnfána.“

Fylgiskjal III.

Ummæli nokkurra kunnra stjórnámálanna og herforingja Atlantshafsbandalagsríkja.

„Eisenhower Bandaríkjaforseta varð að orði, er hann hafði fylgt með heræfingum með kjarnorkuhernaðarsniði, að ef til slíkrar styrjaldar kæmi, yrðu allar varnir gagnslausar.“

Dr. Albert Schweitzer í útvarpserindi sínu 29. apríl 1958.

„Jafnvel hin stærstu lönd munu, ef þau lenda í slíkri (kjarnorku-)styrjöld, hrapa niður á stig hinna frumstæðustu landa, máske á fáeinum dögum, vegna óstjórnlegs manntjóns og eyðileggingar framleiðslutækja.“

Dr. Francis Perrin, yfirmaður franskra kjarnorkurannsókna, í apríl 1957 á fundi Efnahagssamvinnustofnunnar Vestur-Evrópuríkjanna (OEEC).

„Heimsstríð á þessari öld mun jafngilda útpurrkun og endalokum menningarinnar.“

Sir John Slessar, hershöfðingi í brezka flughernum.

„Styrjöld, þar sem beitt er kjarnorkuvopnum, verður yfirleitt ekki nein þolraun, — heldur sjálfsmorð beggja aðila.“

Tedder lávarður, flughershöfðingi Breta.

„Við höfum sýnt mikla dirfsku og ákveðið að reyna ekki að gera það, sem óframkvæmanlegt er. Við ákváðum að reyna ekki að verja landið, heldur einungis sprengjuflugvélastöðvarnar.“

Duncan Sandys, landvarnaráðherra Bretlands, í ræðu í ágúst 1957.

„Viðurkenna verður hreinskilnislega, að eins og nú standa sakir getur ekki verið um að ræða að veita landsmönnum neina vörn gegn afleiðingum kjarnorkuárásar.“

Hvítbók brezku stjórnarinnar 1957.

Fylgiskjal IV.

Í nefndarálitum utanríkismálanefndar, 23. júlí 1946, þskj. 11, segir út af inngöngu Íslands í Sameinuðu þjóðirnar og kvöðum 43. gr. sáttmálans:

„Sú grein áskilur meðlimunum samningsrétt við öryggisráðið um kvaðir skv. greininni, og leggur nefndin þann skilning í ákvæðið, að engar slíkar kvaðir sé unnt að leggja á Íslenzka ríkið, nema að fengnu samþykki þess sjálfs. Íslendingar eru eindregið andvígir herstöðvum í landi sínu og munu heita sér gegn því, að þær verði veittar.“

Fylgiskjal V.

Yfirlýsing þingflokks Sósíalístaflokksins, lesin af formanni hans á þingfundi
2. okt. 1951.

„Frá því Alþingi var slitið síðasta vor hafa gerzt þau tíðindi í landi voru, að stjórnarskrá lýðveldisins hefur verið brotin af ríkisstjórninni og landið verið ofurselt erlendum her, sem að undirlagi ríkisstjórnarinnar hefur hernumið landið.

Alþingi hafa með þessu stjórnlagarofi verið settir tveir kostir.

Annar er sá að sætta sig við framið ofbeldi. En engin aðgerð Alþingis eftir á getur löghelgað þann verknað, sem valdhafarnir auðsjáanlega óttuðust að aldrei fengist drýgður, ef þing og þjóð yrðu látin ráða því áður að lögum. Alþingi getur tekið þann kost og þar með kropsið valdinu, svo sem það gerði á niðurlægingartíma þjóðar vorrar hinum fyrra. En aldrei getur það afsalað þjóðinni þeim rétti, sem hún var rænd með stjórnlagarofinu og hernáminu 5.—7. maí, réttinum til að ráða landinu og byggja það ein og frjáls.

Hinn kosturinn er sá að ómerkja aðgerðir ríkisstjórnarinnar og ógilda þar með þann hernámssamning, sem hún gerði við eitt sterkasta herveldi heims, eftir að hafa árum saman þegið fjárgjafir af ríki því og gert íslenska ríkið þeim fjárgjöfum háð að hennar áliti.

Þessi er sú, leið, sem þjóð og þing fyrr eða síðar munu velja.

Baráttan á Alþingi mun því héðan af fyrst og fremst mótast af því markmiði, svo sem var á undanförnum öldum, að endurheimta til þings og þjóðar fullt vald yfir landinu og algert fjárforræði í hendur þjóðarinnar. Barátta Íslendinga mun því beinast fyrst og fremst gegn því herveldi, sem lagt hefur undir sig landið, og þeirri landstjórn, sem það heldur uppi með fé sínu og segir fyrir verkum.

Ég vil lýsa yfir því fyrir hönd Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalístaflokksins í byrjun þessa þings, að þeirri baráttu verður haldið áfram, unz sigur er unninn og hið erlenda herveldi verður að sleppa tókum á þjóð vorri og innrásarher þess að hrökklast burt af landi voru fyrir einhuga kröfum vopnlausrar en sameinaðrar þjóðar vorrar.

Þessa yfirlýsingu vildi ég flytja hinu fyrsta Alþingi lýðveldisins, sem nú hefur störf sín í hernumdu landi á friðartímum.“

Fylgiskjal VI.

Ávarp til Íslendinga frá miðstjórn Sósíalístaflokksins 8. maí 1951.

Ríkisstjórn Íslands hefur með „samningi“ við Bandaríki Norður-Ameríku kallað amerískan her inn í land vort og tryggt honum herstöðvar þær, er ameríska auðvaldið heimtaði af Íslendingum 1. október 1945 til 99 ára og Íslendingar neituðu þá um.

Samningsgerð þessi er brot á lögum og stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Samkvæmt lögum skal leggja öll mikilvæg utanríkismál fyrir utanríkismálanefnd. Samkvæmt stjórnarskránni, 21. gr., þarf samþykkis Alþingis við til að leggja slíkar kvaðir á land og þjóð, sem í þessum samningi felast. Samningur þessi er því hvorki löglega né siðferðislega skuldbindandi fyrir þjóð vora. Hann er einkasamningur spilltustu höfðingja landsins við framandi hervald, gerður á þeirra persónulegu ábyrgð.

Tilgangur þessa samnings af hálfu hins ameríska auðvalds er að leggja land vort undir sig til langframa og geta notað það sem herstöð til árása á meginland Evrópu. Tilgangur hinnar spilltu höfðingjaklíku lands vors með því að fá herinn inn í landið er að geta notað hann gegn íslenzku þjóðinni, — ef valdhafarnir álíta auði sínum eða völdum hættu búna.

Afleiðing þessa samnings getur á friðartímum orðið glötun frelsis vors, sjálfstæðis og þjóðernis, en á ófriðartímum kallar samningur þessi yfir landið hörmungar hernaðaraðgerða, eyðileggingu flestra efnahagsverðmæta og ófyrirsjáanlegt manntjón og gæti leitt til eyðingar lands og þjóðar, — allt á ábyrgð þeirra manna, er nú að þjóðinni forspurðri hafa tekið orlagaríkustu ákvarðanir í sögu hennar.

Ríkisstjórn Bandaríkjanna gerir þennan samning við ríkisstjórn, sem hún hefur gert sér handgengna og háða með fjárgjöfum, er skipta hundruðum milljóna króna. Slíkir ráðherrar eru þess ekki umkomnir að geta komið fram sem sjálfstæðir aðilar fyrir Íslands hönd.

Þingmenn stjórnarflokkanna og Alþýðuflokksins eru kallaðir til Reykjavíkur til þess að gjalda jáyrði við þeim staðreyndum, sem gerðar eru. Samtímis eru bandarísk herskip að ósk Bjarna Benediktssonar utanríkisráðherra látin liggja í Reykjavíkurhöfn og amerískir hermenn hafðir í landi, eftir fyrirmynd Hendriks Bjelke höfuðsmanns við undirskrift Kópavogsskuldbindingarinnar. Þó mun það hernám hugans, sem forheimskunarmálgögnin hafa framið, hafa nægt til þess að tryggja

samþykki þingmanna Marshall-flokkanna, án þess að benda þyrfti þeim á byssu-stingina. En aðferðin er jafntáknræn fyrir ofbeldi ameríska auðvaldsins við Ísland og undirlægjuhátt keyþra þýja þess.

Í nafni íslenzku þjóðarinnar ákærum vér ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku fyrir að hafa sent vopnaðan her inn í friðsamt land, fyrir að niðast á fámennri, varnarlausri þjóð, til þess að ná landi hennar sem herstöð. Það dregur ekki úr sök bandaríska auðvaldsins á þessu niðingsverki gagnvart Íslandi, þótt auðvald Ameríku hafi náð slíkum tókum á valdhöfum lands vors með fjárgjöfum, blekkingum og grýlusögum, að það hafi getað látið þá undirskrifa fyrirskipanir hins ameríska hervalds og traðka á lögum og stjórnarskrá landsins.

Framkoma ríkisstjórnar Bandaríkjanna gagnvart þjóð vorri frá því árið 1941 hefur verið óslitin röð ofbeldis og svika á gefnum loforðum eða samningum.

25. júní 1941 er ríkisstjórn Íslands kúguð til þess með 24 klukkutíma úrslita-kostum að afhenda Bandaríkjunum Ísland til hersetu.

Að stríði loknu reynir Bandaríkjastjórn 1. okt. 1945 að kúga Íslendinga, meðan hún enn hefur her í landinu, til þess að afhenda þrjá staði á landinu undir hennar yfirráð í 99 ár sem herstöðvar.

Þegar Íslendingar neita þessum yfirgangi, rýfur Bandaríkjastjórn samninga sína og neitar að fara burt með her sinn af landinu, nema Keflavíkursamningurinn sé gerður.

Eftir að Keflavíkursamningurinn er gerður 5. október 1946, taka Bandaríkin til að brjóta hann, hrisa undir sig öll yfirráð á vellinum og svikjast um að greiða Íslandi hundruð milljóna í tolla og skatta, sem þeim ber.

Þannig hefur amerískt auðvald á frá ári aukið ágang sinn, eftir að undan því var látið 5. október 1946 unz nú er svo komið að Bandaríkin sölsa undir sig yfirráð íslenzkra atvinnumála, heimta að ráða kaupgjaldi Íslendinga, banna að Alþingi Íslendinga samþykki lög um hagsmuni landsmanna, — og knýja nú loks fram afhendingu landsins sem opinberrar herstöðvar.

Amerískir auðdrottmar hafa þannig með fláttskap og ofbeldi unnið að því á undanförnum áratug að leggja undir sig land vort í áföngum. Þeir hafa notið til þess aðstoðar spilltustu valdhafa landsins, svo sem Hákon gamli gerði forðum daga, er hann vélaði af oss frelsi vort.

En hvernig sem réttindum vorum er rænt og valdi þjóðarinnar yfir landinu hnekkt, þá mun þjóð vor aldrei viðurkenna það réttarrán, aldrei lúta því framandi valdi, sem nú er að sölsa Ísland undir sig.

Íslendingar! Örlagaríkustu atburðir í sögu þjóðar vorrar kalla oss til varðstöðu um málstað lands vors.

Hernám það, sem ameríska auðvaldið hefur nú framið, á að þess hyggju að vera langvarandi og leiða til fullkominnar undirokunar vor Íslendinga undir Bandaríkin.

Mætið þessu hernámi með þeirri mótspyrnu einni, sem vér fámennir og vopnlausir, friðsamir og frelsisunnandi getum veitt.

Látið ekki æðrast, þótt ofbeldi sé beitt, og látið ekki heldur ögra yður til verka, sem innrásarherinn mundi nota sem átyllu til frekari árása.

Berjizt um hvert atriði réttar vors til yfirráða í landi voru, þegar innrásarherinn hyggst ræna þeim rétti.

Standið saman um, að Íslendingar haldi óskertu dómsvaldi í landi sínu! Hindrið, að Bandaríkjamenn fái sjálfir að dæma í eigin sök, geri þeir sig seka um rán, nauðganir og manndráp eins og þeir gerðu hér síðast.

Standið saman um að hindra, að amerískt auðvald eða umboðsmenn þess leggi skatta á Íslendinga til þess að greiða herkostnað af innrás og hervirkjum Bandaríkjamanna í landi voru.

Standið órofa vörð um tungu vora, þjóðerni og menningu gegn þeirri skrílmenningu ameríska mammonsríkisins, sem nú gerir innrás í land vort.

Standið vörð gegn því hernámi hugans og hjartans, gegn forheimskuninni og þýlyndinu, sem leppblöðin og leppflokkar amerísku auðvalds boða, — því það hernám er öllu öðru hættulegra.

Íslendingar! Hefjið handa, hver á sinum stað, til þess að vinna aftur það, sem nú hefur glatazt:

Vinna aftur land vort úr höndum ameríska auðvaldsins, — vinna það með því að sameina þjóðina í órofa fylkingu — gegn þeirri ríkisstjórn, sem svikið hefur Ísland í hendur erlends hervalds, — gegn því stórveldi, sem notað hefur sér varnarleysi og fámenni Íslands og fláttskap valdhafa þess til þess að niðast á því.

Full og óskoruð yfirráð Íslendinga yfir öllu landi voru og öllum málum vorum!

Burt með allan erlendan her af Íslandi!

Ísland fyrir Íslendinga!

Hvað sem á dynur, hvort sem hin nýja sjálfstæðisbarátta vor stendur lengur eða skemur, látið boðorðið forna sameina þjóðina á ný:

Aldrei að vikja frá algerum rétti vor Íslendinga einna til að ráða þessu landi og byggja það einir og frjálsir!

Fylgiskjal VII.

Hervernd

eftir Ólaf Lárusson prófessor.

Þegar Bandaríkjaflugmaðurinn varpaði kjarnorkusprengrunni á Hiroshima í vor, gerðist atburður, sem valda mun mikilvægum þáttaskiptum í hernaðarsögunni. Fram til þess hafði hernaður verið tvíþættur, sóknarstríð og varnarstríð. Síðan kjarnorkusprengrun kom til sögunnar, er fyllsta ástæða til að ætla, að annar þessara þátta, varnarstríðið, muni hverfa að mestu eða með öllu. Allt bendir til þess, að eftirleiðis verði ekki um neina vörn að ræða í ófriði.

Gegn kjarnorkusprengrunni verður engri vörn við komið, og það er vafasamt, að mennirnir geti nokkurn tíma fundið upp varnir, er stoði gegn þeim. Þetta hafa vísindamennirnir, sem gerðu þær fyrstir, játað, t. d. Albert Einstein, og það er hverjum leikmanni auðskilið. Orkan, sem þar er leyst úr læðingi, er svo gífurleg, að öll mannaverk eru sem fis fyrir átökum hennar, hinar traustustu víggirðingar fá ekki veitt henni neitt viðnám.

En það eru fleiri hernaðarnýjungar komnar til sögunnar en kjarnorkusprengrun. Nú er svo komið, að enginn staður á jörðinni er lengur óhultur fyrir árásum. Flugsprengrun þjóðverja hafa verið fullkomnaðar, og herfræðingar segja, að í ófriði muni eftirleiðis hægt að senda flugsprengrun með hraða ljóssins og með öruggri miðun milli hvaða staða á hnettinum sem er. Armorum vis (máttur vopnanna) nær nú til allrar jarðarinnar, vopnin taka hvert á land sem vera skal.

Saga hinna síðustu ára hefur sýnt það, að í ófriði er öllum vopnum beitt til hins ýtrasta, og af staðreyndum þeim, sem nú var getið, virðist mega ráða nokkuð um það, hversu ófriður mundi háður, ef sú vitfirring skyldi gripa leiðtoga þjóðanna, að þeir hæfu ófrið á ný. Ófriðarþjóðirnar mundu leggja allt kapp á að demba sem fyrst eins miklu af kjarnorkusprengrun og þeim væri frekast unnt yfir herstöðvar óvinanna, iðnaðarstöðvar þeirra og samgöngumiðstöðvar. Þær gætu sent þessi skeyti heiman að frá sér. Hvort skotstöðvar þeirra verða nær óvinunum eða fjær, mundi litlu eða engu máli skipta, sprengju, sem fer með hraða ljóssins, munar ekki um vegalengdirnar hér á jörðinni. Úrslitin mundu á því velta, hver skjótvirkari yrði, og mundi þá eigi verða reiknað með mánuðum eða vikum, dögum eða klukkustundum, heldur mínútum og jafnvel sekúndum. Sá, sem yrði fljóttari til, hefði fleiri skotstöðvar og ætti meiri birgðir af sprengjum, mundi geta eytt land hins á skammri stundu og þó sjálfur hljóta mikil svöðusár og máské banvæn, ef óvinunum hefur gefizt stundar tími til þess að beita líka vopnum sínum. Stríðið

yrði skammvinnnt, en mannskæðara og hryllilegra en nokkrar þær hörmungar aðrar, sem gerzt hafa í harmsögu mannkynsins fram til þessa.

Að sjálfsögðu mundi hver ófriðarþjóð reyna til þess fyrst og fremst að eyðileggja herstöðvar óvinanna. Þangað mundi fyrstu skeytunum verða beint, og hversu rammbbyggilega sem um þær væri búð, mundu allar þær varnir reynast gagnslausar. Fáeinar sprengjur mundu nægja til að afmá þær með öllu og tortíma öllum lífverum, sem í þeim væru. Herstöðvarnar eru ekki lengur varnarstöðvar. Héðan í frá verða þær aðeins árásarstöðvar.

Sennilega líður ekki á löngu, þar til stórveldin ráða öll yfir kjarnorkusprengjum, og þjóð, sem ræður yfir því vopni, getur á skammri stundu útrýmt hvaða þjóð sem er, ef henni aðeins gefst ráðrúm til þess. Þetta er sverðið, sem hangir nú yfir höfuðsvörðum allra manna hér á jörð. Þannig varð „frelsið frá ótta“ (freedom from fear), sem mannkyninu var gefið fyrirheit um ekki alls fyrir löngu.

Þessi ógn vofir yfir öllum þjóðum. Þær eru allar jafningjar í hættunni, svo ótrúlegt sem það hefði virzt fyrir fáum mánuðum. Þær eru allar jafnvarnarlausar. Hin smæsta kotþjóð og hin stærsta stórþjóð eiga það jafnt yfir höfði sér, að þeim verði útrýmt með skjótu bragði. Aflsmunarins gætir nú aðeins í mættinum til að eyðileggja aðra.

Þannig standa sakir nú, en allir vita, hvílikur hraði er í þróun tækninnar nú um stundir. Hin mikilvirkustu morðtöl geta verið orðin úrelt, þegar minnst vonum varir, ekki svo, að varnir fáist gegn þeim, heldur á hinn veginn, að önnur enn mikilvirkari komi í þeirra stað.

Það þýðir ekki að loka augunum fyrir þessum staðreyndum, þótt óhugnanlegar séu, og þær hljóta að hafa mikil áhrif á sambúð þjóðanna hér á jörðu eftirleiðis.

Þegar stórveldi býður smáþjóð hververnd sína, þá er eðlilegt, að spurt sé: „Hvaða vernd getið þér veitt?“ Eins og nú er komið, verður þeirri spurningu eigi svarað hreinskilnislega á annan veg en þann, að í rauninni geti það enga vernd veitt, ef til alvörunnar kemur. Hversu öflugt herlið og hversu mikinn vígbúnað annan sem það hefði, mundi það þó ekki geta varnað því, að kjarnorkusprengjum yrði skotið eða varpað á hið verndaða land, og það mundi eigi kunna nein ráð til þess að eyða eyðileggingarmætti þessara vítisvéla eða draga úr honum. Herverndin mundi reynast hinni vernduðu þjóð harla fánýt.

En hún væri verri en fánýt, verri en engin. Verndarþjóðin mundi hafa herstöðvar á hinu verndaða landi. Ef hún lenti í ófriði, yrði landið ófriðarsvæði og herstöðvar verndaranna skotmark óvinanna. Hin verndaða þjóð yrði að taka afleiðingum þess, og þær gætu orðið henni harla þungbærar. Hugsum oss, að erlent ríki hefði herstöðvar, t. d. í Fossvogi, og að ríki þetta lenti í ófriði. Ein lítil kjarnorkusprengja, 1—2 kg, eins og þær, er varpað var á Japan, sem beint væri að þessari herstöð, mndi leggja hvert einasta hús í Reykjavík og Hafnarfirði í rústir og drepa allar lífandi verur, sem þar væru staddar. Hvað yrði um íslenzku þjóðina eftir slíkt áfall, jafnvel þótt hún yrði eigi fyrir neinum öðrum ófarnaði í styrjöldinni? Mundi henni þykja mikið til verndarinnar koma?

Það hafa þrúfaldlega komið fram raddir um það, að vér Íslendingar værum svo vanmáttugir, að vér yrðum að halla oss að einhverju stórveldi og leita verndar þess. Vér gætum eigi varið oss sjálfir í ófriði. Það er satt, að vér getum eigi varið land vort, en nú er svo komið, að engin önnur þjóð er þess megnug að verja land sitt. Engin þjóð getur komið í veg fyrir það, að flugsprengjum sé skotið á land hennar eða að óvinaflugvélar fljúgi yfir það og varpi niður sprengjum. Ég las í dag í blaði grein úr enska blaðinu Observer, og er þar haft eftir sérfróðum vísindamanni, að 10 kjarnorkusprengjur mundu sálga öllum íbúum New York-borgar, og hvað mörgum sprengjum tókst flugmönnum Bandamanna að varpa á þýzku borgirnar í einni loftárás? Hvað varnarleysið snertir er oss nú orðið ekki vandara um en öðrum. Veikleiki vor er nú í því fólgin, að vér erum þess eigi megnugir að eyða

lönd annarra. Við þann veikleika sættum vér oss fúslega, því að vér höfum enga löngun til að gera öðrum þjóðum mein. Ég hefi hér að framan bent á það, að hverju haldi erlend hvernd mundi koma oss. Þeir menn, sem prédika um gagnsemi hennar fyrir oss, fara með staðleysu stafi. Verndin yrði oss gagnslaus, en slíkt samband við ófriðarþjóð mundi óhjákvæmilega gera oss að ófriðarþjóð og draga yfir oss allt það ból, sem því er samfara.

Ég veit vel, hverju þeir, sem fylgja því, að vér leitum undir verndarvæng einhvers stórveldis, muni svara þessu. Þeir munu segja, að oss sé nauðugur einn kostur. Ef vér eigi tryggjum oss þessa vernd sjálfir, þá muni einhvert annað herveldi taka land vort á sitt vald, hvað sem vér segjum, og oss sé betra að ráða því máli til lykta með vinsamlegu samkomulagi við þjóð, er oss sé geðfelld, en að vera hernuminn gegn vilja vorum.

Vér getum eigi varnað því, að land vort verði hernumið, ef eitthvert herveldi telur sér þess þörf. En það er ekki vist, að vér séum nokkru bættari, þótt vér sjálfir felum öðrum að vernda oss. Eitthvert annað ríki getur orðið verndarríkinu yfirsterkara og hrifsað land vort úr höndum þess.

Margir munu telja það óhjákvæmilegt, að erlent herlið tæki sér bækistöðvar hér á landi, ef ófriður skyldi koma upp, þar sem yfirráðin yfir siglingaleiðunum um Atlantshafið skiptu máli. Hin síðari ár hefur mikið verið gert úr hernaðarþýðingu þeirri, sem Ísland hefði, vegna legu sinnar í miðju Atlantshafinu, og Bandamenn hafa gefið það fyllilega í skyn, að sér hafi verið mikill styrkur að því að hafa herstöðvar hér á landi, og skal ég ekki rengja það. Það var þó eigi fyrr en í síðustu heimsstyrjöld, að menn uppgötvuðu þetta, og hernaðarþýðing lands vors á sér því eigi langan aldur, og svo má fara, að hún vari eigi lengi. Það er hugsanlegt, að bardagaaðferðir og styrjaldarrekstur taki þeim breytingum, að herstöðvar hér á landi skipti litlu eða engu máli, jafnvel í baráttu um Atlantshafið. Vér skulum vona, að svo fari, og það er ýmislegt, sem bendir til þess. Flugþol flugvélnanna eykst svo að segja með hverjum degi, og að sama skapi minnkar þörfin fyrir viðkomustaði. Hin nýju langdrægu og aflmiklu skottól hafa gert allar vegalengdir hér á jörðu þýðingarlausar. Og enn má benda á eitt atriði. Heimsstyrjöldin fyrri stóð í full 4 ár, hin síðari í nálega 6 ár. Allan þennan tíma þurftu Bandamenn að halda uppi stórkostlegum flutningum yfir Atlantshafið, flytja milljónaheri og ógrynni af alls konar varningi yfir hafið milli heimsálfanna. Þessar siglingar þeirra urðu greiðari og öruggari vegna þess, að þeir höfðu bækistöðvar hér á landi. Ef heimsstyrjöld brýzt út á ný, eru fullar ástæður til að ætla, að flutningaþörfin yfir hafið sjóleiðis verði miklu minni. Flugvélar mundu að nokkru leyti koma í stað skipa. Stríðið mundi verða mjög skammvinnnt. Sigurvegararnir mundu eigi þurfa á miklum liðstyrk að halda til þess að hernema lönd hinna sigruðu þjóða, eftir að búið væri að eyða þeim að mestu. Það þyrfti ekki að flytja neina milljónaheri yfir hafið og því síður að halda árum saman uppi stórkostlegum flutningi hergagna og annarra nauðsynja. Allt mundi þetta leiða til þess, að hernaðarleg þýðing Íslands yrði minni en fyrr, og það mætti verða til þess, að þjóðin yrði látin í friði og fengi að standa fyrir utan hildarleikinn.

En það er einmitt hin eina von þjóðanna nú að fá að vera hlutlausar, ef til ófriðar skyldi draga. Í blöðum ýmissa smáþjóða og í ræðum stjórnmálamanna þeirra kvað það æði oft við, meðan á ófriðnum stóð, að hlutleysisstefna sú, er þær hefðu fylgt, hefði orðið þeim til tjóns, og að sjálfsagt væri að hverfa frá henni í framtíðinni. Síðan kjarnorkusprengrin kom til sögunnar, ber minna á því tali, og það mun mála sannast, að hlutleysisstefnan hafi aldrei átt meiri rétt á sér en nú, því að nú er hún orðin smáþjóðunum lífsnauðsyn, þar sem fokið er í öll skjól, sem þær áður gátu vænzt verndar í. Þessa skyldum vér Íslendingar gæta vel, ekki síður en aðrir. Smáþjóðirnar eiga ekki aðra ósk betri en þá að fá að vera í friði, fá að lifa lífi sínu og eiga land sitt óáreittar. Það er ekki til mikils mælt, og oss finnst, að þeir, sem

stórir eru og hafa allt til alls og nóg af öllu, ættu að skilja þessa ósk hinna smáu og virða hana, og vér skulum vona, að þeir geri það. Stórveldin hafa nú háð tvær heimsstyrjaldir á einum mannsaldri. Þær hafa komið hart við margar smáþjóðir, sem ekkert hafa til saka unnið og engu hafa valdið um það, að stríðið brauzt út. Nú telja margir, að hilli undir þriðju heimsstyrjöldina, og allir eru á einu máli um það, að sú styrjöld muni verða óendanlega miklu geigvænlegri en hinar fyrri, og virtist þó ekki bætandi á ógnir þeirra. Allir eru sammála um það, að hin nýja styrjöld mundi hafa í för með sér hrun siðmenningarinnar, þessa mikla fjársjóðs, sem mannkynið hefur aflað sér með þrautum og erfiði á þúsundum ára og hafið hefur manninn upp frá því að vera dýr, bætt lífskjör hans og auðgað anda hans og gert heimkynni hans, guðs grænu og góðu jörð, smám saman að betri og betri dvalarstað. Þetta allt er nú í húfi og ef til vill jafnvel líf mannkynsins alls, og þegar svo er komið, getum vér, smáþjóðafólkið, með hinum fyllsta rétti krafizt þess af þeim, sem ráða friði eða stríði, að þeir láti nú staðar numið og slíðri sverðin og neyti þess valds, sem þeir hafa náð yfir öflum náttúrunnar, mönnum til velfarnaðar og blessunar, en ekki til höls og tortímingar.

Fylgiskjal VIII.

Ávarp til Íslendinga frá Þingvallafundinum 1960.

Vér höfum komið hér saman til að andmæla hersetu í landi voru og vara þjóð vora við hinni geigvænlegu tortímingarhættu, sem oss stafar af herstöðvum.

Í rúm tuttugu ár höfum vér búið að landi voru í tvíþýli við erlendan her, öllu þjóðlífi voru til meins. Erlend herseta er ekki samboðin frjálsum þjóðfélagi. Áhrif hennar eru djúptæk á mál, menningu og siðferði þjóðarinnar, og má þegar sjá greinileg merki þess í aukinni lausung, fjármálaspillingu og málskemmdum. Annarlegar tekjur af dvöl hersins og viðskiptum við hann hafa komið gjörvöllu fjármálakerfi landsins úr skorðum. Siðgæðisvitund þjóðarinnar er að verða hættulega sljó, og æ fleiri ánetjast spillingunni og gerast samábyrgir um hana.

Íslenzk þjóð og erlendir her geta ekki búið saman í landinu til frambúðar. Annar hvor aðilinn hlýtur að vika, nema báðum verði útrýmt samtímis.

Íslendingar hafa aldrei borið vopn á neina þjóð né lotið heraga. Þá sérstöðu vora meðal þjóða heimsins er oss bæði skylt og annþ um að varðveita. Sjálfstæði vort unnum vér án vopna, og án vopna munum vér bezt tryggja öryggi vort á tímum sem þessum, þegar langdrægar eldflaugar og vetnisvopn hafa gert allar varnir úreltar.

Erlend herseta býður heim geigvænlegri tortímingarhættu, ef til átaka kemur milli stórveldanna. Á einni svipstund er unnt að granda lítilli þjóð sem oss Íslendingum, eins og vopnabúnaði er nú háttáð. Og sérfróðir menn fullyrða, að styrjöld með vetnisvopnum gæti hafizt hvenær sem er fyrir einskæra slysi eða misskilning.

Þingvallafundurinn 1960 — skipaður kjörnum fulltrúum herstöðvaandstæðinga úr öllum héruðum landsins, úr öllum stéttum og flokkum — brýnir fyrir íslenzku þjóðinni að gera sér ljóst, að sjálf tilvera hennar og menning er í veði, ef herstöðvasamningnum við Bandaríkin verður ekki sagt upp hið bráðasta. Vér brýnum fyrir henni að gera sér ljóst, að hún er ekki lengur óhult í landi sínu, við friðsöm störf sín til sjávar og sveita, heldur er land hennar orðið hernaðaraðili í átökum stórvelda og skotsþónn í fremstu víglínu, ef til styrjaldar dregur. Vér bendum á, að þung ábyrgð hvílir á þeim mönnum, sem beita sér gegn því, að þessari ógnþrungnu hættu sé bægt frá þjóðinni.

Vér skorum á Alþingi og ríkisstjórn Íslands að segja upp „hverndarsamningnum“ svonefnda við Bandaríkin þegar í stað og leyfa ekki framar herstöðvar á Íslandi.

Vér skorum á alla Íslendinga að sameinast um kröfuna um brottför hersins og ævarandi hlutleysi Íslands.

Vér, íslenskir karlar og konur, úr öllum stéttum, úr öllum flokkum, strengjum þess heit á helgasta sögustað Íslands, Þingvelli, að beita til þess kröftum vorum og áhrifum, hvert í sínu byggðarlagi, að sú krafa nái fram að ganga sem allra fyrst.